

Þriðjudaginn 8. október 1985.

Nr. 213/1983. **Póst- og símamálastofnunin**

(Guðmundur Markússon hrl.)

gegn

Aage Michelsen

(Svala Thorlacius hrl.)

Skaðabótamál. Sönnun. 14. gr. laga nr. 30/1941.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1983. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða áfrýjanda 10.073,25 krónur með 34% ársvöxtum frá 17. september 1981 til 13. september 1982 og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er deilt um bótaskyldu vegna skemmda, er urðu á jarðsímastrengjum í Stykkishólmi af völdum vinnuvélar í eigu stefnda í 6 nánar tiltekin skipti á tímabilinu frá 13. ágúst til 17. september 1981. Í öll skiptin stjórnaði sami maður vinnuvélinni, en hann var eini starfsmaðurinn við verkið, sem áfrýjandi telur stefnda bera ábyrgð á. Lögregluskýrslur liggja fyrir um öll þessi atvik, en upplýsingar um tjónsorsakir eru næsta ófullkomnar, t.d. nýtur ekki við skýrslna sjónarvotta.

Fjögur tjónsatvákanna urðu, þegar unnið var að grefti í þágu Rafmagnsveitna ríkisins, en í hin tvö skiptin var vinnuvélin notuð í þágu Stykkishólmshepps.

Af framburði vitna fyrir héraðsdómi má ráða, að stjórnandi vinnuvélarinnar hafi lotið stjórn verkstjóra þess aðilja, sem unnið var fyrir hverju sinni, svo og að handgrafari frá Rafmagnsveitum ríkisins eða Stykkishólmsheppi hafi a.m.k. stundum verið á vinnu-

stað í því skyni að leita að strengjum, áður en grafið væri með vél-inni. Hins vegar skorti upplýsingar um, hvern hlut verkstjórar eða handgrafarar hafi átt að verki, þegar einstök tjónsatvik bar að höndum, svo sem um það hver hafi ákveðið, hvort eða hvenær grafið skyldi með handverkfærum.

Ekki kemur fram um neitt tjónsatvikanna, hvort handgrafið var niður á jarðstrengi, áður en vinnuvélinni var beitt, eða hvort maður var í skurði til leiðbeiningar þeim, sem vélgröfunni stjórnaði, svo sem boðið er í gr. 3.1-2 reglna Pósts og síma um meðferð jarðsímastrengja, 3. útgáfu janúar 1977. Þá eru upplýsingar um legu strengja þeirra, sem skemmdust, af skornum skammti. Aðeins í einu tilvik-anna virðist mæling gerð á hliðarfráviki frá beinni legu strengs, en eigi liggja fyrir gögn um, hvort telja megi það frávik eðlilegt vegna þenslu eða samskeyta, sbr. gr. 3.1 nefndra reglna.

Enda þótt líklegt sé, að eitthvað hafi farið úrskeiðis við framkvæmd verka þeirra, er leiddu til skemmda jarðsímastrengjanna, veita gögn málsins ekki nægilegar upplýsingar til þess, að dæmt verði, að skemmdirnar megi rekja til sakar stjórnanda vinnuvélarinnar, en sönnunarbyrðin um það hvílir á áfrýjanda. Verður því hvað sem öðru líður ekki lögð fébótaábyrgð á stefnda vegna sakar stjórnandans.

Ábyrgð verður ekki felld á stefnda á grundvelli 14. gr. laga nr. 30/1941 um fjarskipti þegar af þeirri ástæðu, að eigi verður talið, að í þeirri grein felist regla um hlutlæga bótaskyldu eigenda vinnuvéla sem skadda jarðsímastrengi með þeim hætti er hér varð raun á.

Samkvæmt ofangreindu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Póst- og símamálstofnunarinn, greiði stefnda, Aage Michelsen, 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 28. september 1983.

Málið er þingfest í sýsluskrifstofunni í Stykkishólmi mánudaginn 13.

september 1982 samkvæmt utandómsstefnu, útgefinni af Árna Guðjónssyni hrl. f.h. stefnanda hinn 25. ágúst 1982 og birtri hinn 28. ágúst 1982. Málið var dómtekið hinn 14. september 1983 að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi er Póst- og símamálastofnun, nnr. 7124-0045, Reykjavík. Stefndi er Aage Michelsen, nnr. 0001-3811, framkvæmdastjóri, Hraunbæ, Hveragerði, Árnessýslu.

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 10.073,25 með 34% ársvöxtum frá 17. september 1981 til þingfestingardags hinn 13. september 1982 og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dóms í samræmi við dskj. nr. 26. Til vara gerir stefndi þær kröfur, að sér verði gert að greiða stefnanda mun lægri upphæð en kemur fram í kröfum stefnanda og að málskostnaður falli niður.

Málavextir eru þeir samkvæmt stefnu, að stefndi hafði með höndum verklegar framkvæmdir með jarðvinnslutækjum í Stykkishólmi á síðastliðnu ári (1981), og á tímabilinu frá 13. ágúst til 17. september urðu m.a. 6 tjón á jarðsimastrengjum, er hann ber ábyrgð á. Viðgerðarkostnaður stefnanda á þessum strengjum nam samtals kr. 10.073,25, sem er stefnu-fjárhæðin. Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að starfsmenn stefnda hafi með sagnæmum hætti valdið stefnanda tjóni með framangreindum hætti. Bótaábyrgð stefnda er annarsvegar byggð á hinni almennu sagnæmisreglu svo og ákvæðum 14. gr. fjarskiptalaga nr. 30/1941.

Stefndi lýsir málavöxtum þannig, að sumarið 1981 hafi hann leigt Stykkishólmshreppi Case-vinnuvél ásamt manni gegn ákveðnu gjaldi fyrir hverja unna klukkustund. Stefndi sá um að greiða þessum starfsmanni laun, en fékk þau síðan endurgreidd hjá Stykkishólmshreppi. Stefndi hafði engin afskipti af starfsmanni þessum, og var hann algjörlega undir stjórn verkstjóra Stykkishólmshrepps við þau verk, sem hann vann þar á staðnum á vegum hreppsins. Á þeim tíma, sem grafan sleit 4 af þeim strengjum, sem um ræðir í máli þessu, var grafan að vinna fyrir Rarik, en til þeirra hafði hún verið frámleigð af Stykkishólmshreppi. Gröfumaðurinn laut því stjórn verkstjóra Stykkishólmshrepps og Rarik á staðnum. Stefndi segir það óumdeilt í málinu, að grafan hafi slitið strengi þá, sem um ræðir, og mót-mælir ekki tjónsfjárhæðinni tölulega.

Stefndi telur í fyrsta lagi, að hann sé ekki ábyrgur fyrir tjóninu samkvæmt almennu skaðabótareglunni (sagnæmisreglunni). Hann hafi sjálfur ekki hegðað sér á nokkurn hátt gáleysislega við verk það, sem unnið var, því að hann hafi sjálfur allan tímann verið í Hveragerði og ekki komið

nálægt verkinu. Það geti heldur ekki talist honum til gáleysis að senda þann mann með gröfunni, sem á henni vann, þar sem sá hafi haft gilt vinnuvéla-próf. Skilyrðum almennu skaðabótareglunnar til bótaábyrgðar stefnda sé því ekki fullnægt. Um svonefnda húsbóndaábyrgð stefnda á verkum gröfumannsins sé það að segja, að það hafi verið talið skilyrði fyrir bótaábyrgð vinnuveitanda, að hann hafi rétt til að gefa starfsmanninum fyrirskipanir og hafa eftirlit með honum, eða að samband þeirra sé þannig, að vinnuveitandinn hafi *færi á* að segja starfsmanninum fyrir verkum. Þetta skilyrði hafi verið orðað nánar þannig, að vinnuveitandinn verði að vera húsbóndi starfsmanns í þeim skilningi, að hann hafi rétt til að stjórna vinnunni þar á meðal að ráða starfsmenn og segja þeim upp starfi, gefa þeim fyrirskipanir og leiðbeiningar og lita eftir framkvæmd vinnunnar. Í þessu felst, að eigi er nægilegt að sá, sem unnið er fyrir, ráði því, *hvað* starfsmaðurinn gerir, hann verður einnig að ráða því, *hvernig* og hvenær hann vinnur. Þá segir stefndi, að það sé ljóst, að gröfumaðurinn hafi þegið laun sín hjá stefnda. Samband þeirra hafi að öðru leyti ekki verið á þann veg, að skilyrðum húsbóndaábyrgðar sé fullnægt. Það hafi verið verkstjórar Stykkishólshrepps og Rarik, sem stjórnðu verkinu, sem unnið var, og réðu því, hvað starfsmaðurinn gerði, hvernig og hvenær hann vann verkið. Stykkishólshreppur og Rarik hafi því verið húsbændur hans á þessum tíma. Einnig bendir stefndi á, að ekki var um að ræða verksamning milli sín og Stykkishólshrepps, heldur var um leigu á vélinni að ræða til langs tíma. Því væri ósanngjarnt að láta stefnda bera ábyrgð á tjónum, sem unnin voru með vélinni á þessum tíma. Stykkishólshreppur og Rarik ættu ekki að standa betur að vígi gagnvart tjónþolum, er þeir nota lánsverkfæri heldur en þegar þeir nota sín eigin tól. Þá heldur stefndi því fram, að gröfustjórinn hafi í engu hegðað sér gáleysislega við stjórn tök vélarinnar. Ábyrgð stefnda myndi einungis ná til gáleysisverka starfsmannsins við stjórn tök, þ.e. að hann hafi ekki stjórnað gröfunni á tilhlýðilegan hátt. Stefndandi hefur þó í engu sýnt fram á slíka hegðun gröfustjórans. Verkstjórar Stykkishólshrepps og Rarik gáfu gröfustjóranum fyrirmæli um, hvar hann skyldi grafa, og fór hann í öllu eftir fyrirmælum þeirra. Ef einhverjir hafi sýnt af sér gáleysi, þá séu það stjórnendur verksins, þeir sem gáfu fyrirmæli um, hvar skyldi grafa.

Í öðru lagi heldur stefndi því fram, að hann geti ekki borið ábyrgð samkvæmt 14. gr. fjarskiptalaga nr. 30/1941, og kemur þar tvennt til. Fyrst, að það er ekki hann, sem *óskar* að gera þær ráðstafanir, sem þar eru taldar. Að hans mati eru það Stykkishólshreppur og Rarik. Stefndi leigir þeim aðeins tækið, sem unnið er með, en þeir taka síðan ákvörðun um, hvað gert er, hvenær og hvernig. Í öðru lagi getur stefndi ekki borið húsbóndaábyrgð á tjóni, sem gröfustjórinn væri talinn ábyrgur fyrir

samkvæmt þessu ákvæði, þar sem það er skilyrði húsbóndaábyrgðar, að um sök starfsmanns sé að ræða, en 14. gr. laga 30/1941 er hlutlæg ábyrgðarregla. Ábyrgð stefnda verður því ekki byggð á þessu lagaákvæði.

Verði stefndi hinsvegar talinn bera á einhvern hátt ábyrgð á tjóni stefnanda, telur stefndi, að lækka eigi bætur verulega vegna eigin sakar stefnanda. Samkvæmt lögregluskýrslu, sem er fylgiskjal með dskj. nr. 4, var jarðstrengurinn ekki á þeim stað, sem uppdráttur sýndi, heldur 80 cm norðar. Hér er að sjálfsögðu um að ræða sök starfsmanna Pósts og síma, og bera þeir því ábyrgðina á tjóni þessu. Sama má segja um tjón það, er um getur í lögregluskýrslu, sem er fylgiskjal með dskj. nr. 5. Þar er jarðstrengurinn ekki heldur rétt staðsettur á teikningu. Á lögregluskýrslu, sem er fylgiskjal með dskj. nr. 8, kemur og fram, að á teikningunum, sem Póstur og sími létu í té voru engin mál, og er þar um að ræða gáleysi af hendi starfsmanna Pósts og síma, og bera þeir því ábyrgð á tjóni þessu. Þá má benda á, að flestir eru strengirnir mjög grunnt í jörðu, og á suma vantaði aðvörunarborða. Þetta er gáleysi starfsmanna Pósts og síma. Af öllu framansögðu er ljóst, að sýkna ber stefnda eða lækka bætur verulega.

Niðurstaða.

Upplýst er í málinu, að sumarið 1981 leigði stefndi Rafmagnsveitum ríkisins (Rarik) í Stykkishólmi Case-hjólagröfu í þrjá mánuði, og fylgdi henni gröfustjóri, sem hafði gilt vinnuvélapróf. Grafan var leigð á svokölluðum langtímataxta. Stefndi greiddi gröfustjóranum laun, og einnig tryggði hann gröfuna fyrir strengjaslit. Leiga fyrir gröfuna var greidd fyrir hvern unninn tíma, sem grafan var að verki. Rarik leigði síðan eða lánaði ýmsum aðiljum, m.a. Stykkishólmshreppi, gröfuna inn í milli, þegar lítið var að gera hjá Rarik. Uppdrættir frá Pósti og síma, er sýndu legu jarðsímastrengja, voru tiltækir á staðnum, annaðhvort í gröfunni sjálfri eða jeppabifreið, sem starfsmenn Rarik voru með. Er strengjaslit urðu, var grafan ýmist að vinna fyrir Rarik eða Stykkishólmshrepp. Jarðsímastrengir voru ekki alltaf rétt staðsettir samkvæmt uppdrætti, og aðvörunarborða vantaði oft. Hvergi kemur fram í málinu, að gröfustjórinn hafi sýnt óaðgæslu við störf sín. Þegar hann vann fyrir Rarik sagði verkstjóri Rarik fyrir um, hvar grafa skyldi, og þegar hann vann fyrir Stykkishólmshrepp, sagði verkstjóri hreppsins til, hvar grafa skyldi. Uppdrætti af jarðsímastrengjum skoðaði gröfustjórinn ásamt verkstjórum eða öðrum starfsmönnum þeirra, sem unnið var fyrir hverju sinni, og lega strengja ákvörðuð samkvæmt því. Oft voru frávik frá uppdrætti allt upp í tvo metra til hliðar, og dýpt strengja í jörðu var mjög breytileg. Á einum stað var jarðsímastrengur ekki sýndur á uppdrætti.

Stefndi leigði Rarik gröfuna án þess að hafa nokkur afskipti af eða áhrif

á, hvar, hvernig eða hvenær unnið var með henni, og eins og málsatvikum er að öðru leyti háttað, verður ekki séð, að stefndi hafi verið sjálfstæður verktaki í þessu tilviki. Það verður því ekki talið, að stefndi beri húsbónda-ábyrgð á gröfustjóranum, meðan hann var í vinnu hjá leigutaka eða aðiljum, sem leiða rétt sinn frá honum, enda var stefndi allan tímann austur í Hveragerði og kom hvergi nærri tilsögn við verk. Skilyrðum fyrir ábyrgð stefnda samkvæmt almennu skaðabótareglunni verður heldur ekki talið fullnægt.

Í 14. gr. fjarskiptalaga nr. 30/1941 segir: „Þar, sem fjarskiptavirki ríkisins eru, má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki leggja pípur eða raftaugar, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir, er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjunum eða truflun á rekstri þeirra, nema áður hafi fengist samkomulag við Póst- og símamálastjórnina um, hvernig það skuli gert og hvenær. Sá, er óskar að gera þessar ráðstafanir, ber allan kostnað, sem af þeim leiðir, beinan og óbeinan, nema annað hafi orðið að samkomulagi“ Varðandi ábyrgð á tjóni samkvæmt þessari grein fjarskiptalaganna lítur dómurinn svo á, að það sé ekki stefndi, sem hafi óskað að láta vinna þau verk, sem skemmdum ollu á jarðsímastrengjum og mál þetta er risið af, og tjón það, sem af hlaust, sé því ekki á hans ábyrgð.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, verður niðurstaða dómsins sú, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 10.000.

Jón S. Magnússon fulltrúi kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Aage Michelsen, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Póst- og símamálastjórnarinnar, í máli þessu. Stefnandi greiði stefnda kr. 10.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.